

11. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 3. mars kl. 17:00 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Guðmundur H. Hjartarson
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Ástmar Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Sif Matthíasdóttir
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og staðfest.

2. Kynningarmál

Anna Melsteð frá Anok margmiðlun kom til fundarins og kynnti framgang kynningarmála. Búið er að birta minnisblöð Samstarfsnefndar á vefsíðu verkefnisins. Anna hefur stofnað Facebooksíðu fyrir verkefnið og hafið deilingu gagna. RR ráðgjöf mun setja myndir inn á vefsíðu þannig að myndir birtist með hlekkjum sem deilt er inn á Facebook síðu verkefnisins. Síðan hefur fengið góð viðbrögð og náð til margra íbúa. Mikilvægt er að halda áfram að deila síðunni og hvetja fólk til að fylgjast með kynningarefni. Þá eru nefndarmenn hvattir til þess að bjóða íbúum í sveitarfélaganna að líka við síðuna.

Anna kynnti kynningarbækling sem er tilbúinn í drögum. Gefinn var athugasemdafrestur til hádegis þann 4. mars, en bæklingurinn fer í dreifingu í næstu viku. Íbúafundir fara fram 14. mars og verða auglýstir í bæklingnum og á vefsíðum.

Áætlað er að mynbandagerð hefjist í næstu viku og dreifing hefjist um næstu helgi.

Ákveðið nefndin hittast aftur kl. 19:00 þann 4. mars til að staðfesta kynningarbækling fyrir dreifingu. Á þeim fundi verður jafnframt rætt um fyrirhuguð myndbönd og þátttakendur í þeim, tveir frá hvoru svf. í samstarfsnefndinni.

Anna vék af fundi kl. 18:05.

3. Hagsmunagæsla gagnvart ríkinu

Jakob sagði frá fyrirhuguðum fjarfundi með Háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra þann 11. mars næstkomandi kl. 13:00. Á fundinum verða tillögur um stofnun þekkingar- og

rannsóknarsetur við Breiðafjörð kynntar fyrir ráðherra og óskað eftir stuðningi við framgang verkefnisins. Jakob sendir tölvupóst á heilbrigðisráðherra og innviðaráðherra eftir fundinn, sem og aðra sem búið er að eiga samskipti við í tengslum við fundi með ráðherrum.

Róberti falið að gera drög að bréfi til Jöfnunarsjóðs þar sem óskað verði eftir stuðningi sjóðsins við stofnun Þekkingar- og rannsóknarseturs við Breiðafjörð og að hrinda öðrum tillögum starfshópsins um eflingu atvinnulífs á svæðinu í framkvæmd, á sambærilegan hátt og önnur sameiningarverkefni hafa fengið við nýsköpunar og þróunarverkefni.

4. Undirbúningur sameiningarkosninga

Róbert sagði frá samskiptum við formenn kjörstjórna. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin og hefur sýslumaður auglýst það. Búið er að semja við Anok margmiðlun um prentun kjörseðla og munu kjörstjórnir sameiginlega auglýsa kjörstaði og opnunartíma þeirra.

Viðmiðunardagur kjörskrár er 5. mars næstkomandi og munu sveitarstjórnir fá kjörskrárstofn til afgreiðslu í næstu viku.

5. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar verður 4. mars kl. 19:00.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:15.